

Afgreiðslufundur

Árið 2025, mánudaginn 29. desember kl. 13:00 var haldinn 1882. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Ástrún Eva Sívertsen, Anna Jóhannesdóttir, Sigríður J. Jónsdóttir og Guðjón Ingi Eggertsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsókn Pizza107 ehf., kt. 530223-1080, dags. 16. desember 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; skyndibitastað/veitingastofu (Pizza 107) að Hagamel 67, F2026310, rými 01 0101. Breytingar á húsnæði.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
2. Lögð fram umsókn Pizza107 ehf., kt. 530223-1080, dags. 16. desember 2025, um skráningu á veitingastað (Pizza 107) að Hagamel 67, F2026310, rými 01 0101. Ný skráning.
Samþykkt að staðfesta skráningu sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir veitingastaði*.
3. Lögð fram umsókn Fóðurlöndunnar, kt. 550169-0889, dags. 12. febrúar 2025, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir framleiðslu á húsdýra- og fiskeldisfóðri, geymslu á gasi og öðrum hættulegum efnum og olúgeymi til eigin nota, að Korngörðum 12, F2015895, rými 01 0101. Endurnýjun.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi*.
4. Lögð fram umsókn Skipaþjónustu Íslands, kt. 540601-2670, dags. 8. maí 2024, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir flutningi á spilliefnum, flutningi á úrgangi, bifreiða- og vélaverkstæði, móttökustöð fyrir úrgang og olúgeymi til eigin nota að Grandagarði 18, F2000120, rými 01 0101 og í porti á athafnasvæði rekstaraðila þar sem að flutningstæki rekstraraðila eru geymd, sjá nánari staðsetningu í fylgiskjali I með sértækum starfsleyfisskilyrðum. Endurnýjun.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir Skipaþjónustu Íslands, Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir flutning spilliefna, Starfsskilyrðum fyrir flutning úrgangs annars en flutning milli landa og flutning spilliefna og Starfsskilyrðum fyrir bifreiða- og vélaverkstæði*.
5. Lögð fram umsókn Pólóborgar ehf., kt. 591017-0630, dags. 18. nóvember 2025, um leyfi til tóbakssölu (Póló) að Hagamel 67. Nýtt leyfi.
Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *Laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum*.

Fundi slitið kl. 13:36

Guðjón Ingi Eggertsson

Anna Jóhannesdóttir

Ástrún Eva Sívertsen